

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 14. nóvember 2008


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa, mál nr.27.

Frumvarpið mun stuðla að því að auka mjög á öryggi sjófarenda með því að vera með björgunarskipin vel útbúin og í góðu standi. Sérstaklega fyrir áhafnir skipanna.

VM telur því að þetta frumvarp um endurbætur á björgunarskipum mjög þarft, en telur að kostnaðurinn sé vanmetin og muni örugglega fara í hærri upphæð en nefnd er í þingsályktuninni.

VM telur einnig að mönnun þessara skipa sé vandamál sem einnig þurfi að hafa til hliðsjónar í frumvarpinu. Þannig að það sé tryggt að ávalt sé hægt að tryggja mönnun skipanna.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna



Guðmundur P. Ragnarsson, formaður VM.

Alþingi
Erindi nr. P 136/36
komudagur 7.11.2008

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Allsherjarnefnd Alþingis

5. nóvember 2008

**Efni: Umsögn um þingsályktun um endurbætur
björgunarskipa, 27. mál**

Landssamband smábátæigenda (LS) lýsir sig sammála efni þingsályktunarinnar. Tilkoma björgunarskipa Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefur tvímælalaust bætt öryggi sjófarenda og því nauðsynlegt að tryggja viðhald þeirra.

Við afgreiðslu htv. nefndar á þingsályktuninni telur LS nauðsynlegt að taka til umræðu rekstur björgunarskipanna.

Til þessa og vonandi til framtíðar hefur reksturinn alfarið verið fjármagnaður af Slysavarnafélaginu Landsbjörgu. Ábyrgð félagsins er mikil um að hafa skipin ávallt í fullkomnu lagi og tryggja að lágmarki að 6 aðilar séu hvenær sem er reiðubúnir að stökkva um borð þegar útkall kemur. Til að léttja undir við það hugsjónastarf sem unnið er leggur LS til að auk fjármagns til endurbóta verði einnig ályktað um að stjórnvöld fjármagni hálfst stöðugildi við hvern bát sem ætlað yrði til vöktunar, nauðsynlegs eftirlits og viðhalds.

Virðingarfyllst,



Örn Pálsson framkvæmdastjóri



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi
Erindi nr. **P 136/190**
komudagur **24.11.2008**

Reykjavík 20. nóvember 2008

Tilvísun: 2008100263

50.03


Tilvísun yðar: Þskj. 27 — 27. mál.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Embætti ríkislögreglustjóra vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 28. október sl., þar sem farið er fram á umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa, 27. mál.

Ríkislögreglustjóri gerir ekki athugasemd við tillöguna.

F.h. RLS



Sigríður Björk Guðjónsdóttir / Thelma Cl. Þórðardóttir

Alþingi
Erindi nr. P 136/444
komudagur 11.12.2008

Allsherjarnefnd
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. desember 2008.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa, 27. mál.

Við er til erindis yðar, dags. 28 október, þar sem allsherjarnefnd Alþingis óskaði umsagnar siglingaráðs um tillögu til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa.

Erindið var tekið fyrir á fundi siglingaráðs, þann 13. nóvember sl., og var siglingaráð jákvætt gagnvart tillögnum.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Guðmundur Hallvarðsson
formaður siglingaráðs

Ólafur Páll Vignisson



Alþingi
Erindi nr. P 136/132
komudagur 18.11.2008

Alþingi
Allsherjarnefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 04.11.2008

Tilv. 023

HJ


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa, 27. mál.


Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 28. október 2008, þar sem send er til umsagnar stofnunarinnar tillaga til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa, 27. mál.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni tillögunnar.

Virðingarfyllst,

f. h. Siglingastofnunar Íslands,


Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. Þ 136/191
komudagur 24.11.2008

Reykjavík 20. nóvember 2008.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa, 27. mál.

Í greinargerð með tillögunni er ágætlega rökstutt hvers vegna þörf er á endurbótum á björgunarskipunum á næstu árum og er því engu við þá röksemdafærslu að bæta. Eins og skýrt kemur fram gegna björgunarskipin mikilvægu hlutverki í öryggismálum sjófarenda og tekur því Sjómannasamband Íslands heils hugar undir tillöguna og mælist til þess að hún verði samþykkt.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 176/162
komudagur 20.11.2008

Reykjavík 19. nóvember 2008

Slysavarnafélagið Landsbjörg
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Umsögn þingsályktunartillögu þskj. 27.

Slysavarnafélagið Landsbjörg gerir ekki athugasemdir við umrædda þingsályktunartillögu en vill undirstrika eftirfarandi.

Útköll björgunarskipa félagsins árið 2007 voru 103. Er þá aðeins átt við um útköll þar sem opinberir aðilar, s.s. Landhelgisgæsla Íslands, óska eftir aðstoð björgunarskipa vegna hættu eða óvissuástands á sjó. Mörg dæmi eru um að björgunarskipin hafi með aðgerðum sínum bjargað mannlífum og komið í veg fyrir kostnað og mengun sem sjóskaðar geta valdið. Að auki er fjöldanum öllum af ýmisskonar aðstoðarbeiðnum sinnt, þar sem ekki er talin vera vá fyrir hendi sem og æfingum, m.a. með þylum Landshelgisgæslunnar. Árið 2005 skipaði stjórn félagsins faghóp til að yfir staðsetningar björgunarskipanna og tillögur um úrbætur ef einhverjar væru. Faghópurinn skilaði af sér skýrslu í maí 2006. Í skýrslunni kom fram að staðsetning björgunarskipanna væri góð og ekki væri ástæða til neinna breytinga hvað það varðar.

Nú er svo komið að elstu björgunarskipin þurfa í nauðsynlega yfirhalningu á næstu mánuðum. Björgunarskipið Björg á Rifi er eitt þeirra. Frá því að skipið var keypt til landsins 2002 hefur það farið hátt í 70 björgunarleiðangra og eftirgrennslanir, þar af 15 á síðasta ári. Vélbúnaður skipsins er orðinn gamall og slitinn og varla til neinna stórræða á þeim mikilvæga stað sem það er staðsett á. Eins og segir í þingsályktunartillögunni er skrokkur og yfirbygging skipanna í mjög góðu ásigkomulagi og því er talið hagstæðast að skipta út vél- og gírbúnaði ásamt því að endurnýja siglingatækjabúnað. Ljóst er að nýsmíði myndi kosta nálægt 200 milljónum og ekki er fyrirsjáanlegt að önnur skip komi til með að bjóðast félaginu í náinni framtíð.


Öll björgunarskip félagsins, nema skipið sem staðsett er í Vestmannaeyjum, hafa verið keypt notuð frá Konunglega breska sjóbjörgunarfélaginu, RNLI, og eru af svokallaðri ARUN gerð. Skipin þykja afar góð og hagkvæm í rekstri. Það er mikil hagræðing fólgin í því að skipin séu öll sömu gerðar sérstaklega með tilliti til þjálfunarmála. Áhafnir björgunarskipa félagsins eru sjálfbóðaliðar sem tilbúnir eru til aðgerða allt árið um kring ef þörf krefur. Að auki verja þeir miklum tíma til æfinga og viðhalds á skipunum. Á nokkrum stöðum eru umsjónarmenn í hlutastarfi sem fylgjast með því að björgunarskipin séu klár til aðgerða og sjá um minniháttar viðgerðir. Mörg fyrirtæki og einstaklingar í landinu hafa einnig lagt sitt af mörkum til reksturs björgunarskipanna með ýmisskonar styrkjum og



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

afsláttum á vörum og þjónustu. Með samstilltu átaki hefur Slysavarnafélaginu Landsbjörg og velunnurum þess tekist að halda skipunum í rekstri á eins hagkæmann hátt og hægt er, sjófarendum við strendur landsins til mikils öryggis.

Virðingarfyllt,



Kristinn Ólafsson framkvæmdarstjóri,
Slysavarnafélagsins Landsbjargar